

Föstudaginn 9. nóvember 1984.

Nr. 27/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Gunnari Einarssyni

(Haraldur Blöndal hrl.)

Líkamsárás.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var áfrýjað af hálfu ákærvalds til ákvörðunar refsingar með stefnu 13. janúar 1974, en ákærði vildi hlíta héraðsdómi. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 9. júlí sl.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Rúnar Geir Sigurpálsson lögreglumaður og Sigvaldi Jónsson hafa komið fyrir dóm og borið vitni. Sigvaldi vísar um málsatvik til skýrslu þeirrar sem hann gaf fyrir lögreglu og rakin er í héraðsdómi. Einnig hefur ákærði komið fyrir dóm á ný og hann og Sigvaldi síðan verið samprófaðir. Þá hefur verið aflað kúbeins þess, sem ákærði beitti.

Með framburði ákærða sjálfs og öðrum gögnum málsins þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um líkamsárás þá, sem honum er gefin að sök í ákæru. Ber að refsa honum samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981, svo sem krafist er í ákæru. Við ákvörðun refsingar verður að hafa í huga, að árásina framdi ákærði í framhaldi af erjum, er urðu milli hans og Sigvalda og leiddu til þess, að Sigvaldi bjóst til að láta hendur skipta. Ber því að líta til 3. mgr. 218. gr. a almennra hegningarlaga við refsíákvörðun, en á hinn bóginn einnig til þess, að ákærði veitti Sigvalda áverka á höfuð með hættulegu tæki.

Refsing ákærða verður ákveðin fangelsi 60 daga, en rétt þykir að ákveða, að fresta skuli fullnustu refsingar skilorðsbundið til 3 ára.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem segir í dómsorði.

Í bréfi því til yfirsakadómarans í Reykjavík, dagsettu 11. apríl

sl., þar sem ríkissaksóknari óskaði eftir yfirheyrslu á ákærða og vitnum, beiddist hann einnig þess, að aflað yrði upplýsinga um kúbein það, sem ákærði beitti, m.a. ljósmyndar. Hér var um gögn að ræða, sem ákæruvald átti sjálft að réttu lagi að láta fylgja ákæru í málinu, sbr. 3. mgr. 32. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 5. gr. laga nr. 107/1976, í stað þess að fela sakadómi að afla þeirra.

Þá athugast, að héraðsdómari hefði átt að taka fjárkröfu Sigvalda Jónssonar til úrlausnar og gefa honum færi á að skýra hana, þar sem eigi verður séð, að af því hefði leitt tafir né óhagræði fyrir rekstur refsímálsins.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnar Einarsson sæti fangelsi 60 daga, en fresta skal fullnustu refsingar, og falli hún niður eftir 3 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Haralds Blöndal hæstaréttarlögmanns, 8.000.00 krónur.

Dómur sakdóms Reykjavíkur 21. september 1983.

Ár 1983, miðvikudaginn 21. september, var á dómþingi Sakadóms, sem háð var í Borgartúni 7 Reykjavík af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 521/1983: Ákæruvaldið gegn Gunnari Einarssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 11. ágúst 1983, gegn ákærða, „Gunnari Einarssyni, til heimilis að Öldu við Blesugróf í Reykjavík, fæddum 1. september 1913 að Kotströnd, Ölfushreppi, fyrir líkamsárás, með því að hafa sunnudaginn 2. janúar 1983 að heimili sínu slegið Sigvalda Jónsson, fæddan 21. júní 1948, nokkur högg í höfuðið með kúbeini með þeim afleiðingum, að hann hlaut 6 skurði á höfuðið, sem sauma þurfti saman með 28 sporum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1930, sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærur og refsingum sem hér segir:

1942 14/11 Sátt, 50 kr. sekt f. ölvun og áflog.

1946 21/9 Sátt, 50 kr. sekt, 250 kr. skaðabætur fyrir ölvun og spell.

1955 30/3 Sátt, 100 kr. sekt f. brot á 7. gr. umfl.

1955 20/9 Dómur: 1500 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mán. f. brot á áfl. og bifrl. og umfl.

1968 19/9 Sátt, 2.800 kr. sekt f. brot á 3. gr. áfl.

Málsatvik eru þessi:

Aðfaranótt sunnudagsins 2. janúar 1983, klukkan 02:00, var lögreglan kvöld að húsinu Öldunni í Blesugróf hér í borg. Þar á staðnum átti lögregla tal við Sigvalda Jónsson, fæddan 21. júní 1948, sem kvað ákærða hafa lamið sig með kúbeini. Síðan segir meðal annars þannig frá málsatvikum í lögregluskýrslu:

„Eftir að við höfðum komið Sigvalda í lögreglubifreið sem flutti hann á slysadeild fórum við að húsinu og knúðum þar dyra. Hittum við þá Gunnar en hann er húsráðandi. Hann viðurkenndi strax að hafa lamið Sigvalda með kúbeininu í höfuðið. Um aðdraganda þess hafði hann það að segja. Hann kvaðst hafa leigt Sigvalda herbergi þann 11. 09. 82, með aðgangi að eldhúsi. Frá því að Sigvaldi flutti í húsið hafi hann verið með yfirgang við sig og meðal annars lagt á sig hendur. Gunnar tjáði okkur að þá skömmu áður hafi Sigvaldi farið inn í eldhús og tekið þar kaffi frá sér og farið að hella upp á könnuna. Hann kvaðst hafa bannað honum það og tekið af honum kaffikönnuna. Hafi þá komið til átaka milli þeirra um könnuna. Kvaðst hann þá hafa flúið undan Sigvalda upp á loft, en stigi er úr eldhúsinu upp á loftið. Þegar hann hafi orðið þess var að Sigvaldi ætlaði á eftir sér upp hafi hann orðið hræddur og reiður. Hann kvaðst hafa tekið kúbein sem var við skörina, og þegar Sigvaldi hafi verið kominn upp í hálfan stigann hafi hann lamið hann nokkur högg í höfuðið, það er að segja þangað til hann snéri aftur frá. Eftir þetta kvaðst hann hafa heyrt að Sigvaldi fór inn í sitt herbergi og síðan út úr húsinu.“

Við yfirheyrslu hjá varðstjóra hafði Sigvaldi eftirfarandi um málið að segja: „Hann kvaðst hafa ætlað að fara að hella kaffi á könnuna frammi í eldhúsi og er hann hafi verið að byrja á því hafi Gunnar orðið æstur og bannað sér það. Kvaðst hann þá hafa farið með könnuna og ketilinn inn í sitt herbergi og ætlað að halda þar áfram við það þar. Hann kvað þá Gunnar hafa komið þar inn og skvett þar á sig kaffi og rífið af sér könnuna. Kvaðst hann þá hafa orðið reiður og hafa sagt við Gunnar, að hann skyldi sýna honum hvað svona lagað mundi kosta hann. Sigvaldi viðurkenndi að hafa ætlað að leggja hendur á Gunnar, og í þeim tilgangi hafi

hann elt hann áleiðis upp á loftið, en þegar hann hafi verið kominn upp í hálfan stigann hafi Gunnar látið kúbeinið ríða á sér. "Að yfirheyrslu lokinni var gerð tilraun til þess að koma Sigvalda heim til móður hans að Bollagötu 9, en húsráðandi þar neitaði að taka við honum, og þar sem Sigvaldi hafði ekki í nein hús að venda var hann vistaður í fangageymslu.

Vitnið Sigvaldi Jónsson, til heimilis að Bollagötu 9, Reykjavík, kvaðst hafa verið leigjandi hjá ákærða og á leigutímanum oftsinnis legið við handalögmálum þeirra á millum af litlu tilefni. Umrætt sinn hafi vitnið verið að laga sér kaffi í herbergi sínu og til þess notað eldhúsáhöld ákærða. Ákærði hefði skyndilega komið inn í herbergi vitnisins, þrifið af því hraðsuðuketil og kaffikönnu og farið með fram í eldhúsið. Vitnið kvaðst hafa elt ákærða sem helt hefði innihaldi kaffikönnunnar á vitnið. Af þessu kvaðst vitnið hafa fundið nokkurn sársauka, orðið afar brátt, ætlað að berja ákærða og í því skyni ætt að honum. Ákærði hefði hörfað undan og upp stiga, sem lá að herbergi ákærða á efri hæð hússins. Þar hefði ákærði þrifið kúbein og lamið því nokkrum sinnum í höfuð vitnisins. Vitnið náði kúbeininu af ákærða, fór í nærliggjandi hús og hringdi á lögreglu. Vitnið kvaðst hafa verið lítilega undir áhrifum.

Ákærði kvaðst greint sinn hafa verið heima hjá sér ásamt leigjanda sínum, Sigvalda Jónssyni, sem hafði á leigu eitt herbergi ásamt afnotum af eldhúsi og baðherbergi. Leigjandinn hefði allt í einu tekið upp á því að fara að laga sér kaffi með eldhúsáhöldum, sem honum voru óviðkomandi og ákærði átti. Ákærða kvaðst hafa mislíkað þetta (sic) og tekið áhöldin af leigjandanum, sem elt hefði ákærða upp á loftið. Ákærði kvaðst hafa álitnið, að leigjandinn hefði haft í hyggju að misþyrma sér, ákærði verið hræddur við hann, enda miklu sterkari en ákærði, sem er ellilífeyrisþegi, og því í einhverju fljótræði gripið til þess bragðs að slá hann nokkur högg í höfuðið með kúbeini, sem nærtækt var. Ákærða kvaðst síðan hafa tekist (sic) að loka á milli efri og neðri hæðar og þannig komist undan, þar til lögreglan kvaddi dyra.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð Leifs Jónssonar læknis um meiðsl þau, sem Sigvaldi Jónsson hlaut. Í vottorðinu, sem dagsett er 8. febrúar 1983, segir meðal annars:

„Þann 2/1 1983 kl. 02:30 var komið með ofanskráðan sjúkling á Slysadeild Borgarspítalans. Hann hafði skömmu fyrir komu orðið fyrir árás og verið laminn með kúbeini í höfuðið margoft. Ekki mun hann hafa misst meðvitund við barsmíðina en við skoðun hér finnast 6 skurðir víðsvegar um höfuðið.

Skurðir þessir voru þrífir og saumaðir, samtals með 28 sporum. Sjúkl. fékk endurkomutíma 10/1 1983 og þann dag kom hann hingað og voru sár þá öll gróin og saumar teknir.

Ekki hafði hann neinar kvartanir fram að færa þann daginn og ekki hefur hann sótt Slysadeildina heim síðan vegna þessarar barsmíða.“

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar refsingu samkvæmt 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981.

Sigvaldi Jónsson hefur krafist skaðabóta úr hendi ákærða, samtals að fjárhæð kr. 2.150, meðal annars fyrir skemmdir á armbandsúri og endurgreiðslu á húsaleigu. Ákærði hefur mótmælt bótakröfunni, sem er alls órökstudd. Með vísan til 145. gr. laga nr. 74, 1974, sbr. 29. gr. laga nr. 107, 1976, kemur skaðabótakrafa ekki til úrlausnar í máli þessu.

Þar sem ákærði hefur ekki áður verið dæmdur sekur um hegningarlaga-brot og eins og atvikum málsins er háttað, þykir mega ákveða, að ákvörðun refsingar hans skuli fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Fresta skal ákvörðun refsingar ákærða, Gunnars Einarssonar, og fellur refsíákvörðun niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.